

## **Fundargerð 2. fundar, starfshóps um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala.**

Ár 2017, miðvikudaginn 12. júlí kl. 8:00 kom starfshópur um mótun framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala. Starfshópurinn var skipaður af bæjarráði þann 29. júní s.l. með erindisbréfi þar sem fram kemur að „meginverkefni starfshópsins er að móta framtíðarstefnu um notkun St. Jósefsspítala þar sem gengið skal út frá því að í húsinu verði rekin almannaþjónusta.“

Guðrún Berta Daníelsdóttir, Karl Guðmundsson, Sigríður Björk Jónsdóttir og Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir eru mætt ásamt starfsmanni og verkefnastjóra hópsins Sigríði Kristinsdóttur sem ritar fundargerð.

Á fundinn mætir Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og gerir grein fyrir hugmyndum Fjölskylduþjónustu um nýtingu St. Jósefsspítala og gerir jafnframt grein fyrir húsnæðisþörf fyrir verkefni á vegum Fjölskylduþjónustu sem eru í húsnæðisþörf í dag.

Kynnt bréf frá Óskar Guðjónssyni forstöðumanni um aðstöðu bókasafnsins.

Á fundinn mættu fulltrúar Hollvínasamtaka St. Jósefsspítala, Steinunn Guðnadóttir og Þórður Helgason. Kynntu þau samtökin og hugmyndir samtakanna um framtíðarnýtingu St. Jósefsspítala.

Ákveðið að kalla eftir hugmyndum frá frá notendaráðum sveitarfélagsins en þau eru fjögur, Ungmennaráð, Ráðgjafarráð í málefnum fatlaðs fólks, Öldungaráð og Fjölmenningsráð.

Boðað verður til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 10:00